

Dvalarheimilisnefnd

Fundur 20-05-2015

Haldin á Jaðri kl 17,00. Mætt voru Ásbjörn Óttarsson formaður, Pétur Steinar Jóhannsson ritari og Inga Kristinnsdóttir forstöðukona heimilisins.

Inga hóf fundinn með því að segja frá nokkrum atriðum, ma merkingar á gjöfum frá Svandísarsjóði. Þá ræddi hún um lagfæringar utan dyra ss við ruslagám og lagfæringar á aðgengi að húsinu en hellur eru farnar að molna. Þá sagði hún að skráningarkerfið sem rætt hefur verið um, að því verði komið á í sumar. Einnig ræddi hún um að auka nýtingu á húsinu og kom með hugmyndir í þá átt. Inga sagði að tveir nýir einstaklingar væru að koma inn í laus rými.

Lyfjaeftirlitsnefnd kom í heimsókn sl haust og vill gera ýmsar breytingar sagði Inga og unnið er að úrbótaáætlun. Verslað er við Lyfjalausnir að hálfu heimilisins. Búið er að ráða sumarstarfsmenn og þau mál eru í góðu standi en alls koma sjö nýir starfsmenn inn. Þá sagði Inga frá því að Kári Viðarsson leikari myndi koma og skemmta vistmönnum mánuðina júní, júlí og ágúst. Inga sagði frá vel heppnaðri ferð starfsmanna og maka til Glasgow í apríl.

Fundarmenn ræddu um hvort boða ætti varamenn á fundina. Einnig var rætt um vígslu á Svandísarstofu sem verður fimmtudaginn 5. Júní nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17,00.

Sign Pétur Steinar Jóhannsson ritari